

REGLUGERÐ

um tímabundna aukna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði auk annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga.

Gildissvið.

1. gr.

Eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari skal á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011 endurgreiða:

- a. virðisaukaskatt sem byggjendur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað,
- b. virðisaukaskatt sem eigendur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess,
- c. virðisaukaskatt sem byggjendur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis hafa greitt af þjónustu ~~hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum~~ vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu þess,
- d. virðisaukaskatt sem eigendur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis hafa greitt af þjónustu ~~hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum~~ vegna hönnunar eða eftirlits við endurbætur eða viðhald þess.

Frístundahúsnæði.

2. gr.

Með frístundahúsnæði samkvæmt 1. gr. er átt við frístundahúsnæði eins og það er skilgreint í 2. gr. laga nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, enda sé það skráð sem frístundahúsnæði hjá Fasteignaskrá Íslands.

Eigendur frístundahúsnæðis fá því aðeins virðisaukaskatt endurgreiddan á grundvelli þessarar reglugerðar að hann hafi ekki fengist endurgreiddur í formi innskatts, sbr. VII. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Húsnæði í eigu sveitarfélaga.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. á einnig við um annað húsnæði sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga, enda sé húsnæðið skráð hjá Fasteignaskrá Íslands. Með húsnæði í þessu sambandi er átt við hús eða hluta húss, sem ætlað er til nota í atvinnustarfsemi, geymslu eða annarra afnota og eru varanlega skeytt við land, t.d. skrifstofuhúsnæði, íþróttahús, áhaldahús og vörugeymslur.

Sveitarfélög, stofnanir og félög sem alfarið eru í eigu þeirra fá því aðeins endurgreiddan virðisaukaskatt á grundvelli ákvæða þessarar reglugerðar ef innskattur hefur ekki fengist endurgreiddur samkvæmt reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign eða reglugerð nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi, sbr. VII. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Þá skal einnig tekið tillit til þess virðisaukaskatts sem sveitarfélög og stofnanir þeirra hafa fengið endurgreiddan á grundvelli 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

Endurgreiðslutímabil.

4. gr.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts skal taka til reikninga sem gefnir eru út á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011 enda sé gætt að ákvæðum um tímamörk útgáfu reiknings samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

5. gr.

Að öðru leyti en kveðið er á um í reglugerð þessari gilda ákvæði reglugerðar nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði.

Gildistaka.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 10/2009, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

- Fjármálaráðuneytinu, 8. maí 2009. -

- F. h. r. -

- Indriði H. Þorláksson. -

- Ingvi Már Pálsson. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.